

9

11. jan.

## AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

## L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Akureyrarkaupstað.

## I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

## 1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina, eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsnota, svo sem leikvelli, sölutorg, bryggjur, bólvirki o. s. frv. Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

## 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar, þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrst koma fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

## 3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja, né hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur, viðstadda, eða þá sem búa í nágrenninu.

## 4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturro manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónæði.

## 5. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hættu getur af stafað, má ekki leika knatt-leik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

9

11. jan.

## 6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannaþæri og hvergi að óþörfu á kaupstaðarlóðinni. Sömuleiðis er öll veiði með skotum bönnuð í landareign kaupstaðarins. Þó er Glerárdalurinn og „fjallið“ undanskilið. Á almannaþæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum, og bera logandi blys, nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sérstöku leyfi eða samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkid er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

## 7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannaþæri, eða í búningi, sem misbýður almennu velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn með ókurteisum eða ósæmilegum orðum, eða með því að sýna þar af sér ósæmlegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

Hneykslanleg hegðun telst það, ef nokkur sést ölvaður á almannaþæri, og hver sem verður sekur um það, skal sæta sektum, er ekki séu lægri en 50 krónur.

## 8. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins, eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

## 9. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannaþæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

## 10. gr.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess að gera engan óþarfa hávaða að næturlagi og skipum er bannað að gefa hljóðmerki við bryggjur eða annarsstaðar á höfninni frá kl. 10 að kvöldi til kl. 8 að morgni, nema siglingareglur krefji, eða nauðsynlega þurfi að kalla á hafnsögumann eða lækni.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa til að stjórna umferð, eða halda uppi góðri reglu á almannaþæri. Ef nauðsyn

- 9 ber til geta lögreglumenn krafði sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem við-  
 11. jan. staddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu  
 eiga þeir á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við  
 það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

## II. KAFLI

### Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

#### 12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki séu lægri en 50 krónur.

#### 13. gr.

Enginn má selja vörur eða reka aðra atvinnu á almannafæri, og ekki heldur hafa neitt þar um hönd, sem tálmað getur umferð. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð eða fréttablöð og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðisdaga.

Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópi, köllum eða söng, frá náttmálum til dagmála (sbr. 4. gr.).

#### 14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húslóðum, húsríðum, húspökum, girðingum, í garðshliðum, eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða á húslóðir, né fara inn í hibýli hans í söluerindum.

Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum slóðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

#### 15. gr.

Stéttir fram með götum eru eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta, eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotizt af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið að engin hætta stafi af þeim. Hlaðn-

ar byssur má ekki bera á götum bæjarins, eða annarsstaðar á almannafæri. 9  
Byssur skal ávallt bera þannig, að opið viti upp.

11. jan.

## 16. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma og aldrei á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

## 17. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. telgja við, höggva grjót, járna hesta, gera við bifreiðar eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfduka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris eða annað þesskonar.

## 18. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þessháttar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Eigi má heldur hengja slíkt á rafveitustaura eða símastaura og er ennfremur bannað að festa þar allskonar auglýsingar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt eða götu, sé minnst 2,20 mtr.

## 19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

## 20. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 22 á tímabilinu frá 16. september til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 23 frá 16. apríl til 15. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

## 21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjarverkstjóra og samþykki lög-

9 reglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var og haldi því við í eitt ár eftir að umbót var lokið og tekin gild af bæjarverkstjóra. Fyrir leyfið greiðast 5 krónur í bæjarsjóð. Slik verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvar- aðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kveldi til þess bjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir lög- reglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slikt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu, eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gildir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

### 22. gr.

Þegar hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda, eða þeim, sem sér um verkið, ef húsið liggur við almanna- færi, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, er lögreglustjóri setur, til að afstýra farartálmum og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almanna- færi, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leyfar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka í burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið í burt, án þess annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði að.

### 23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsa- smíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöll- um utanverðum skal vera að minnsta kosti 20 cm. há brik og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Við fjölfarnar götur getur lögreglustjóri fyrirskipað að vörður standi við stiga meðan á verki stendur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almanna- færi, nema meðan verið er að nota þá.

Brot gegn þessari grein er á ábyrgð þess sem verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

## 24. gr.

9

11. jan.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

## 25. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

## 26. gr.

Nú liggur kjallaraop út að almannafæri og lengra fram en húshliðin, og skal þá vera handrið úr járn, eða öðru tryggilegu efni beggja megin við þau, eigi lægri en 60 cm., og lögreglustjóri getur auk þess krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera frá því dimma tekur að kvöldi, unz bjart er orðið að morgni.

Yfir birtugrófum, sem nú eru við stétt eða götur, skulu vera nægilega sterkar járngrindur, eða annar jafntryggur útbúnaður, jafnhá stéttinni eða götunni. En yfir birtugrófir, sem gerðar kunna að verða framvegis, skal gera svo tryggilega, að enginn óþrifnaður komist ofan í grófina.

## 27. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsunum í göturæsin eða rennurnar skal svo um búið, sem fyrir er mælt í byggingasamþykkt kaupstaðarins, og er húseigendum skylt að halda hvorutveggja vel við.

## 28. gr.

Stórt grjót, sem til tálmunar er skipum, bátum eða fyrirdráttum, eða annað þvilíkt, mega menn ekki láta liggja víðsvegar um fjöruna, heldur skulu þeir, sem það eiga, flytja það burt eða saman eftir fyrirsögn lögreglustjóra.

## 29. gr.

Ef ís á Pollinum er ótryggur, getur lögreglustjóri, að viðlögðum sektum, bannað að fara út á hann.

Enginn má höggva vakir á Pollinn nær landi en í beina línu frá melhorninu sunnan við Krókeyraroddann, þar sem hann gengur lengst í austur og varða segir til, í stöng þá, sem sett er við ósinn á miðri Oddeyrinni, nema lögreglustjóri veiti leyfi til þess.

## III. KAFLI

## Almennar umferðareglur.

## 30. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu, við vegamót og þar sem viðvörunarmerki eru sett. Þeim er skylt að haga sér tafarlaust eftir þeim fyrir-mælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með upp-  
festum auglýsingum, með boðum eða bendingum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Allir vegfarendur skulu samstundis vikja úr vegi fyrir bifreiðum slökkvi-  
liðsins, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt  
hljóðmerki.

## 31. gr.

Stéttar meðfram götum eru eingöngu ætlaðar gangandi fólki. Eftir þeim  
má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagna né önnur aktól, nema barna-  
vagna (sbr. 15. gr.).

Fótgangandi vegfarendur skulu, er þeir eru á ferð um götur bæjarins, vegi  
eða torg, að jafnaði halda sér á gangstéttunum, þar sem þær eru fyrir hendi.  
Þeir sem ganga eftir götum og stígum, þar sem engar gangstéttir eru fyrir hendi,  
eða sakir þess að þeir vegna þrengsla á gangstéttinni verða að vikja út á götuna,  
eða þurfa að ganga yfir hana þvera, skulu veita umferðinni nána athygli og  
vikja þegar til hliðar, er viðvörunarmerki eru gefin.

## 32. gr.

Með hesta og ökutæki má aðeins fara eftir þeim hluta götunnar, sem ætla-  
aður er til aksturs, en ekki eftir gangstéttum né vegum, sem ætlaðir eru til  
annarar sérstakrar notkunar. Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur  
lögreglustjóri eða bæjarstjórn bannað akstur, reið eða hjólreiðar um einstakar  
götur, enda séu auglýst á gatnamótum hvaða umferð er bönnuð.

## 33. gr.

Allir sem fara um götur bæjarins utan gangstétta, hvort heldur eru gang-  
andi, riðandi, í vagni, í bifreið, á hjóli eða öðrum farkosti, skulu halda sér,  
gripum sínum og fartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og  
svo nærri götubrún eða gangstétt sem auðið er.

Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal vikja til hægri handar,  
þó ekki meira en nauðsyn krefur.

Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá biða, sem hefir farartæki á vinstri  
hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýna fyllstu  
varkárni og nærgætni við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðaréttinn.

Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu vikja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir að vikja út á akbrautina, sé hún á vinstri hönd.

9  
11. jan.

## 34. gr.

Um götuhorn skal aka í kröppum boga ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga ef snúið er til hægri. Á götuhornum eða gatnamótum er bannað að aka fram fyrir hest eða ökutæki, sem á undan fer. Þegar ekið er út úr hliðum eða um vegamót skal farið hægt.

## 35. gr.

Það er bannað að aka eða riða á móti hópögngum eða líkfylgdum, eða fram hjá þeim. Skal vikja úr vegi fyrir þeim ef unnt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá. Hópganga telst þegar fólk streymir af íþróttavelli e. þ. h.

Ekki má aka eða riða um götur, þar sem fólk hefir safnast saman til að hlusta á hornablastur eða þess háttar.

## 36. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða ökutæki, heldur skal það gert sem næst gangstéttinni eða götujaðri, og skal snúa farartækinu þannig, að hlið þess sé jafnhliða gangstéttinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða ökutæki heldur kyrru fyrir beint á móti hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða ökutæki á gatnamótum, eða nær þeim en 5 metra frá götuhorni, miðað við húsálinu.

## 37. gr.

Með hesta eða ökutæki má ekki nema staðar á götum bæjarins, nema meðan ferming eða afferming á sér stað (sbr. 16. gr.), og skal það gert gangstéttarmegin. Farþegar skulu og þeim megin stiga upp í farartæki og út úr því.

## 38. gr.

Bifreiðarstjórar skulu ætíð, er þeir ætla að beygja fyrir götuhorn, eða að fara yfir þvera götu, gefa merki um það í tæka tíð, með þar til gerðu tæki, til hvorrar handar þeir ætla að beygja. Sömuleiðis skulu þeir gefa merki, er þeir draga skyndilega úr ferð bifreiðar sinnar, eða stöðva hana.

Bifreiðarstjórar, sem aka bifreið, er ekki hefir umgetin tæki, svo og vagnstjórar, riðandi menn og hjólreiðamenn, skulu gefa þessi merki með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því til hvorrar handar þeir ætla að beygja og með því að rétta hönd beint upp, ef þeir draga úr ferð ökutækis síns eða stöðva það. Merki þessi skal gefa utan við yfirbyggingu ökutækisins, svo þeir er á eftir fara sjái þau greinilega.



9

11. jan.

## 39. gr.

Ef vegfarandi veldur slysi, hvort sem það er hans sök eða ekki skal hann þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

## 40. gr.

Hlass, sem flutt er á ökutæki um bæinn, má ekki vera þyngra en svo, að ökutækið beri það auðveldlega. Því skal vel fyrir komið, og fest svo að ekki haggist. Ekki má það dragast með jörðu eða standa langt út af ökutækinu. Með málmvarning skal svo fara, að ekki hljóttist hávaði af.

Ökutæki, sem flutt er á mól, sandur, mold o. þ. h. skulu svo gerð, að ekki hrynji úr þeim þar sem farið er um.

## 41. gr.

Hjól á ökutækjum skulu vera slétt og nægilega breið, svo ekki marki þau yfirborð gatna.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og þeirra laga, sem sett eru eða kunna að verða sett um umferðina.

## IV. KAFLI

## Um bifreiðar.

## 42. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

## 43. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álizt hættuleg, eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

## 44. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða, nr. 56 frá 1926, sbr. 1. gr. laga nr. 23 frá 1927 og eftir reglugerð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugerðum, sem þar um gilda á hverjum tíma.

Á sérhverri bifreið, sem ekið er um lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar, skulu vera tæki, sem lögreglustjóri tekur gild, og gefa má með greinileg merki um það, til hvorrar handar bifreiðastjóri ætlar sér að beygja, svo og um það, að hann dragi skyndilega úr ferð bifreiðar eða stöðvi hana (sbr. 38. gr.).

Horn þau, sem notuð eru til að gefa með hljóðmerki innanbæjar, skulu þannig 9 gerð, að þau gefi þægilegt, djúpt og einraddað hljóð.

11. jan.

Um gerð hornanna ákveður lögreglustjóri nánar í samráði við sérfróða menn.

Ljós á bifreiðum, sem aka um bæinn, mega ekki vera svo sterk, að þau villi vegfarendum sýn.

## 45. gr.

Á bifreiðum, sem ekið er um lögsagnarumdæmið á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, skulu vera ljós á þeim tíma, sem segir í eftirfarandi töflu:

7. jan.	til 13. jan.	.....	frá kl. 15,20	til kl. 9,50
14. —	— 20. —	.....	— — 15,40	— — 9,35
21. —	— 27. —	.....	— — 16,00	— — 9,15
28. —	— 6. febr.	.....	— — 16,25	— — 8,55
7. febr.	— 13. —	.....	— — 17,00	— — 8,25
14. —	— 20. —	.....	— — 17,20	— — 8,05
21. —	— 27. —	.....	— — 17,45	— — 7,40
28. —	— 6. marz	.....	— — 18,05	— — 7,15
7. marz	— 13. —	.....	— — 18,30	— — 6,50
14. —	— 20. —	.....	— — 18,50	— — 6,25
21. —	— 27. —	.....	— — 19,10	— — 6,00
28. —	— 6. apríl	.....	— — 19,30	— — 5,35
7. apríl	— 15. —	.....	— — 20,00	— — 5,00
16. —	— 20. —	.....	— — 20,40	— — 4,20
21. —	— 27. —	.....	— — 20,55	— — 4,00
28. —	— 6. maí	.....	— — 21,15	— — 3,40
7. maí	— 15. —	.....	— — 21,45	— — 3,05
1. ágúst	— 6. ágúst	.....	— — 22,10	— — 2,55
7. —	— 13. —	.....	— — 21,50	— — 3,15
14. —	— 20. —	.....	— — 21,25	— — 3,40
21. —	— 27. —	.....	— — 21,00	— — 4,00
28. —	— 31. —	.....	— — 20,35	— — 4,20
1. sept.	— 6. sept.	.....	— — 20,10	— — 4,40
7. —	— 13. —	.....	— — 19,50	— — 5,00
14. —	— 20. —	.....	— — 19,25	— — 5,20
21. —	— 27. —	.....	— — 19,00	— — 5,40
28. —	— 6. okt.	.....	— — 18,35	— — 6,00
7. okt.	— 13. —	.....	— — 18,05	— — 6,25
14. —	— 20. —	.....	— — 17,40	— — 6,50
21. —	— 27. —	.....	— — 17,15	— — 7,10
28. okt.	— 6. nóv.	.....	— — 16,30	— — 7,30
7. nóv.	— 13. —	.....	— — 16,20	— — 8,05
14. —	— 20. —	.....	— — 15,55	— — 8,25
21. —	— 27. —	.....	— — 15,35	— — 8,50

9	28. nóv. til 6. des.	.....	frá kl. 15,20 til kl.	9,10
11. jan.	7. des. — 13. —	.....	— — 15,00 — —	9,35
	14. — — 20. —	.....	— — 14,55 — —	9,50
	21. — — 27. —	.....	— — 14,50 — —	10,00
	28. — — 6. jan.	.....	— — 15,00 — —	10,00

## 46. gr.

Sérhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hér í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína áður en hún er tekin til notkunar, svo og um það, hvar bifreiðin verði geymd, þegar hún er ekki notuð. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugerða samkvæmt þeim og þessarar samþykktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda 2 merki með áletruðu A og tölumerki og skal festa annað framan á, en hitt aftan á bifreiðina, og má ekki taka þau af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð.

Ef nota á bifreiðina sem leigubifreið til mannflutninga, skal standa stórt L fyrir framan stafinn A á merki því, sem fest er framan á bifreiðina, þannig: L x A.

Bifreiðar, sem notaðar eru til kennslu, skulu auðkenndar með orðinu: „Kennslubifreið“.

Verði eigendaskipti að bifreið, skal bæði hinn nýi og fyrri eigandi bifreiðarinnar tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Bifreiðar, sem eru skrásettar utan Akureyrar, mega því aðeins fara um götur bæjarins, að framan og aftan á þeim sé greinilegt skrásetningarkerki þeirra.

## 47. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann hafi ökuskirteini, er heimili honum að stýra bifreið. Meðan ekið er má bifreiðarstjóri ekki sleppa hendi af stýri bifreiðar sinnar, og varast skal hann að tala við farþega.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn mega vera í einu í bifreið, ef hún er ætluð til að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávallt hafa meðferðis skirteini lögreglustjóra, er tiltekur farþegafjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu og vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugerða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis þar sem hann hefir fengið ökuskirteini og tölumerki skirteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja, eða vera undir áhrifum áfengra drykkja, við bifreiðaakstur.

## 48. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð og má ökuhraðinn aldrei vera

meiri en 20 km. á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í 9  
kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og mikil umferð er, 11. jan.  
skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva  
megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki  
slettist á aðra vegfarendur, gangstéttar, né byggingar.

#### 49. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast framhjá henni.

#### 50. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjunum. Þeim ber og að sjá um að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki neinn hávaða, er raski friði.

Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi til-efni til þess.

#### 51. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

## V. KAFLI

### Um reiðhjól.

#### 52. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjóli um götur bæjarins, skulu gæta þess sem hér segir:

- a) Á hjóli mega ekki vera fleiri menn í senn en hjólið er gert fyrir. Sá, sem stýrir hjóli, skal ætíð halda að minnsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sér á hjóli hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.
- b) Á hverju hjóli skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð, en ekki horn né annar hljóðgjafi, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri.
- c) Ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sér, skal vera á hverju hjóli, þegar farið er að skyggja; ljós skal vera tendrað á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á ljósum bifreiða í 45. gr.

- 9 d) Ökuhraði á hjóli má ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund, og þar sem hjólamaður sér skammt frá sér í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólið þegar í stað. Sé for eða bleyta á götum, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.
- e) Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstéttum eða yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.
- Eigandi hjóls ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar það þeim, sem er yngri en 14 ára.

## VI. KAFLI

### Um reið, hestaflutning og akstur á götum bæjarins.

#### 53. gr.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðara en á hægu brokki; þar sem gatan er mjó og mikil umferð eða farartálmi á veginum skal aðeins farið fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstéttir bæjarins.

#### 54. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, eða svo horuðum, að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar, sem bita og slá, skulu auðkenndir á þann hátt, að áberandi skúfur sé festur í ennistopp eða tagl.

#### 55. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götunni fyrir vögnum og bifreiðum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar. Um reiðhest gildir hið sama eftir því sem við á.

#### 56. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir (sjá reglugerð nr. 129, 17. nóv. 1916, Stjt. B) og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kennt

að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuðið, fætur eða nára. Vagnhlass má ekki vera þyngra en svo, að hestum veitist létt að draga það. 9 11. jan.

## 57. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sé hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, sem notaðir eru til mjólkurflutnings eða annars flutnings, sérstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sérstökum reglugerðum.

Aktygin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumanns á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sér og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og hafa taumhald á eykinum.

## 58. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en einn vagn. Það er og bannað að festa sleða eða handvagn við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má ríða við hliðina á vagni.

## 59. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri, nema annar maður haldi í taumana, eða hesturinn sé bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

## 60. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna, að því viðbættu, að á aktygi hestsins skal festa bjöllur, þannig gerðar, að til þeirra heyrst í hæfilegri fjarlægð.

## VII. KAFLI

## Um rekstur gripa og fénaðar um götur bæjarins o. fl.

## 61. gr.

Alifugla, svo sem hænsn, gæsir og endur má eigi hafa í kaupstaðnum, nema þeir séu á afgirtu svæði eða í öruggri vörzlu.

## 62. gr.

Sauðfénaður bæjarmanna má ekki ganga laus á svæðinu fyrir austan beina línu vestan við túnið á Eyrarlandi og Hamarkoti, frekar en nauðsynlegt er, til að reka hann úr eða í haga, eða til vatns.

- 9 Peir sem sauðfé eiga eða hafa undir hendi, skulu skyldir að annast saman-  
11. jan. rekstur á sauðfé vor og haust, reka féð til afréttar og gera gangnaskil að hausti  
inu eftir fyrimælum bæjarstjórnarinnar.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár og svína.

#### 63. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur bæjarins, frekar en nauðsynlegt er til að reka þá í haga eða til vatns.

Á meðan lestamenn eða ferðamenn standa við í kaupstaðnum, skulu þeir hafa hesta sína í „Caroline Rest“ eða öðrum hesthúsum. Sé eigi rúm þar, skal heimilt að hafa hestana utan við götubrautina. Þar sem engin umferð er á sumrin, er þó leyfilegt að hafa hestana í rétt.

#### 64. gr.

Á götum bæjarins mega riðandi menn eigi teyma meira en tvo hesta við hlið sér. Eigi má heldur teyma hest samhliða vagni eða hjólum, né fleiri en tvo lausa hesta samhliða.

Lausa ferðamannahesta má ekki reka um götur bæjarins, nema riðið sé eða gengið hægt á undan þeim.

#### 65. gr.

Naut, sem farið er með um bæinn, skulu ávallt leidd í bandi, þannig útbúnu, að auðvelt sé að hafa vald á nautinu og tveir fullorðnir karlmenn, að minnsta kosti, fylgi hverju nauti. Ekki mega naut heldur standa úti gæzlulaus.

#### 66. gr.

Um hrossarekstra og sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins til útflutnings eða slátrunar, getur lögreglustjóri gert þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til að afstýra farartálma eða hættu fyrir vegfarendur. Sláturfé að hausti má einungis reka eftir þeim götum í lögsagnarumdæminu, sem lögreglustjóri fyrirskipar.

### VIII. KAFLI

#### Um hunda.

#### 67. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletruðu A og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjarsjóð.

Hver hundur sem ekki ber slíkt helsi eða fylgir utanbæjarmanni er rétt-dræpur, ef eigandi hirðir ekki um að greiða áfallinn kostnað innan viku eftir að hundurinn hefir verið auglýstur. Ennfremur er lögreglunni heimilt að láta drepa

þá hunda, sem raska svefnfriði manna með gelti og spangóli á næturþeli og skulu 9 eigendur þeirra sæta sektum samkvæmt 98. gr. 11. jan.

## 68. gr.

Grimma hunda og hunda, sem hafa þann vana að ónáða menn og hræða með glepsi, urri eða gelti, eða sem eru óvenjulega stórir, ber eigendum að binda eða mýla tryggilega, að viðlagðri sekt samkvæmt 98. gr.

## 69. gr.

Enginn má siga hundi á mann né láta farast fyrir að aftra hundi sínum þegar hann verður var við að hann ræðst á menn. Hver sem brýtur á móti þessu skal sæta sektum þó ekkert tjón hafi hlotizt af. Það er og bannað að egna hunda eða siga þeim saman á almannafæri.

## 70. gr.

Blóðhunda, eða aðra grimma hunda, má ekki nota til vörzlu, hvorki utanhúss eða innan.

## 71. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sérstakt eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hverju hausti samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækning hunda af bandormum.

## IX. KAFLI

## Um friðun almenningseigna og einstakra manna.

## 72. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota, eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, brunaboða, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þessháttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trégirðingum, sem liggur að almannafæri.

## 73. gr.

Enginn má skemma girðingar sem eru við almannafæri, né setjast á þær né klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

## 74. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn



9 rifa upp eða færa burtu, né spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sér hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau séu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

#### 75. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem bæjarstjórnin setur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opin svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari, enda séu reglurnar festar upp við innganginn inn í garðinn eða svæðið eða á öðrum áberandi stað í garðinum eða á svæðinu.

### X. KAFLI.

#### Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

#### 76. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

#### 77. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnarvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er, með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær, samkvæmt prentfrelsislögum.

#### 78. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rifa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

## XI. KAFLI

## Um veitingahús, skemmtistaði og almennar skemmtanir.

9

11. jan.

## 79. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkja, sem og gistaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefir samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

## 80. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur eigi sýna af sér ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta ölvuðum manni í té neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu matar og drykkjar, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu eða velsæmi. Skal hann sjá um að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, eða fullnægi veitingastaðir ekki skilyrðum 79. gr. er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

## 81. gr.

Öllum veitingastöðum og almennum knattborðsstofum skal loka frá kl. 23½ til kl. 6, og allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið þar út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglustjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hibýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kl. 23½, og hvorki félagsmönnum eða gestum veittur aðgangur eftir þann tíma. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum og ber eigendum og umsjónarmönnum stofanna að sjá um, að þeir fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

## 9

11. jan.

Enginn má halda sjónleika, söngskemmtanir, hljómlleika, dansleika, íþróttasýningar, myndasýningar, töfrásýningar eða aðrar opinberar skemmtanir, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra og getur bæjarstjórn ákveðið visst gjald fyrir slíkt leyfi, er rennur í bæjarsjóð. Þó má eigi krefjast neins gjalds fyrir leyfi, ef skemmtanirnar eru haldnar borgunarlaust eða í góðgerðaskyni.

## 83. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar, og með því skilyrði að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur einn veitt leyfi til að halda eina og eina kvikmyndasýningu í senn og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

## 84. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

## 85. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefir fengið til að halda skemmtanir, noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sérhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir, sem háreisti er að, séu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotizt.

## 86. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús, skal eigandinn láta gera nægilega mörg vatnssalerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að þeim sé ávallt haldið vel hreinum.

## XII. KAFLI

## Um almennt hreinlæti, þrifnað o. fl.

## 87. gr.

Eigi má kasta á almannafæri, í skipakvíarnar, höfnina né fjörurnar, hræum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt

þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta eða skilja eftir grjót, möl, sand, 9  
sorp, slor, ösku, járnrusl, víra, bréf, ávaxtahýði eða yfirleitt nokkuð það, þótt 11. jan.  
eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilmæmi, óþrifnaði, tálmunum  
eða óþrýði. Bannað er að hrækja á götur eða gangstéttir, nema í niðurfallsrör.  
Í ræsi má ekki fleygja neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

## 88. gr.

Þeir, sem flytja vörur, eldivið, mold, möl, sand, hey eða annað um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að flutningatækin séu þannig gerð, eftir nánari ákvörðun lögreglustjóra, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur, eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

## 89. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji meðan á flutningnum stendur.

## 90. gr.

Á húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng, né annað, sem óþrifnaður er að, eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrabræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

## 91. gr.

Eigendum túna og garða er skylt að girða þau fjárheldum girðingum og halda girðingunum ávallt vel við. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af. Bannað er að hafa gaddavirsgirðingar meðfram götum, torgum, eða annarsstaðar á almannafæri.

## 92. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða þviumlíkt má eigi hafa í nánd við almannafæri. Þó getur bæjarstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengnum meðmælum heilbrigðisnefndar.

## 93. gr.

Skyllt er hús- eða lóðareigendum að girða lóðir sínar heldum og góðum girðingum og halda þeim vel við. Þeim er og skylt að sjá um að haldið sé hreinum portum og annari óbyggðri lóð í kringum hús þeirra, eða óbyggðri lóð, þar á meðal rústum.

Þeim, sem eiga lóðir í brekkum eða undir brekkum, er skylt að græða þær upp og hlaða undir fót þeirra, þar sem þess þarf með til varnar því að það hrynji sífellt fram úr þeim.

- 9 Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars  
11. jan. manns, eða orsaka að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

## 94. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða allt skólþ frá því og regnvatn af húsum og lóð, út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í göturrennur og sjá um að afrennsli í þeim stíflist ekki.

Húseigendum eða húsráðendum er skylt að nema í burtu klakaströngla, er hanga kunna niður úr þakbrúnum húsa þeirra, og hættulegt getur verið fyrir umferð, sem og að hreinsa snjó af þökum húsa sinna, ef hætta getur stafað af því fyrir vegfarendur.

## XIII. KAFLI

## Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

## 95. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Akureyrar, en skal því aðeins beitt utan kaupstaðarlóðarinnar, að það þyki við eiga og því verði við komið.

## 96. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

## 97. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

## 98. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

## 99. gr.

9

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari, og eigi verður krafizt af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður. 11. jan.

## 100. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Akureyri, 15. júní 1920, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bág við samþykkt þessa.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. febrúar 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 11. janúar 1934.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir barnaheimilið „Sólheimar“ í 10  
Hverakoti í Grímsnesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmála- 12. jan.  
ráðherra 12. janúar 1934. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

Við undirrituð, ég Guðmundur Einarsson sóknarprestur f. h. barnaheimilisnefndar Þjóðkirkjunnar á Íslandi og ég Sesselja H. Sigmundsdóttir, forstöðukona barnaheimilisins „Sólheimar“ í Hverakoti, gerum svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi:

## 1. gr.

Barnaheimilið er *sjálfseignarstofnun*. Eignir stofnunarinnar eru jörðin Hverakot ásamt húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, annari búslóð, bóku og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir. En á eignum hvíla þær skuldir, sem stofnað hefir verið til vegna heimilisins.

## 2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er sá og skal jafnan vera að veita börnum og unglíngum sem bezt uppeldi, bæði andlegt og líkamlegt. Skulu þau börn að öðru jöfnu ganga fyrir, sem veikluð eru og vanrækt. Einnig er stofnuminni heimilt að taka fávita til umönnunar.